

55 Útaf þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa hinum heiðruðu 28. apríl. stiptsyfirvöldum til vitundar, að jeg verð að fallast á, að skoðunargjörð á hinum hjerum-rædda skógi eptir hinum fram komnu skýrslum sje nauðsynleg, og að jeg þessvegna, parsem hinu opinbera samkvæmt brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar 21. júní 1860 ber að hafa nákvæmar gætur á því, að það sem eptir er af skóginum verði ekki látið sæta meiri skemmdum, en þegar er orðið, vil samþykkja, að kostnaðurinn við skoðunargjörð þessa, er eptir áliti stiptsyfirvaldanna ekki mun geta numið miklu, verði greiddur af því fje, sem veitt er í fjárlögunum til óvissra útgjalda. Og býst jeg á sínum tíma við að fá skýrslu um skoðunargjörðina og úrslit hennar.

56 Ágrip af 2 brjefum landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán til 28. apríl. kirkjubygginga. — Með þessum brjefum veitti landshöfðingi 1200 króna lán úr viðlagasjóði til endurbyggingar kirkjunni í Holti undir Eyjafjöllum og 1500 króna lán úr sama sjóði til endurbyggingar Skorrastaðarkirkju í Suðurmúla prófastsdæmi. Skyldu lán þessi hvíla á hlutaðeigandi prestaköllum, og af þeim greiðast 4 af hundraði í vöxtu árlega, en lánin sjálf endurborgast með $\frac{1}{10}$ á ári í 10 ár.

57 Ágrip af brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli 28. apríl. til jarðabóta. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Lundar prestakalli í Borgarfjarðar prófastsdæmi 600 króna lán úr viðlagasjóði til endurbóta á túni prestssetursins gegn því að af láninu yrðu greiddir 4 af hundraði í vöxtu árlega og það sjálft endurborgað með $\frac{1}{6}$ á ári í 6 ár.

58 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um skilning á l. gr 29. apríl. húsaskattslaganna frá $14\frac{1}{2}$ 1877. — Í þóknanlegu brjefi frá 31. des. f. á., hafið þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um það, hvort virða skuli til húsaskatts 2 tímurbúhus, er á síðast liðnu sumri hafa verið byggð á pörtum úr jörðinni Brekku í Mjóafirði. Er hvor jarðarparta þeirra, er nefnd hús standa á, talinn 2 œ að dýrleika, og nota ábúendur þeirra húsinn við ábúð á jarðarpörtunum, en lifa annars, eptir því sem þjer skýrið frá, mestmegnis af sjáfarafli.

Útaf þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega gefa yður til vitundar, að með því að hin umræddu hús eigi geta talizt til jarðarhúsa þeirra, er fylgja jörðinni Brekku sjálfri, þá verð jeg, sjerstaklega með tilliti til þess, hvernig ákvörðun sú, er hjer á við, í l. gr. húsaskattslaganna frá 14. des. 1877, er til orðin á alþingi 1877, að álíta, að nefnd hús verði eigi undanþegin húsaskatti, og skal því þjónustusamlega skora á yður að gjöra sem fyrst nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að virðing á þeim fari fram í því skyni.

59 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um leyfi 6. maí. til að nota lopt fangahússins á Eskifirði til fundarhalda. — Samkvæmt beiðni hrepps-